

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Allir brosa á sama tungumáli

Nafn styrkþega: Daði Guðjónsson/Reykjavíkurborg

Útdráttur: Markmið verkefnisins er að efla málkunnáttu barna í skólastarfi. Að útbúa verkfæri fyrir kennara til að byggja upp orðaforða nemenda á markvissan hátt. Í skólunum okkar er hátt hlutfall fjöltýngdra nemenda. Það var ákveðið að þróa kennsluhætti fyrir allan nemendahópinn í heild. Unnið er með ákveðin orðaforða í ákveðið tímabil þar sem allir í hópnum eru að efla orðaforða sinn út frá sínum forsendum. Í tengslum við verkefnið var skólaárinu skipt upp í tveggja vikna tímabil og tvö orðaforðaþemu tekin fyrir í mánuði eftir ákveðnu skipulagi. Unnin voru verkefni sem tengdust þemunum í öllum árgöngum. Barnasáttmálinn var tengdur inn í þemun. Í yngri bekkjum voru málörvunarhringekjur vikulega þar sem á öllum stöðvum var unnið með þann orðaforða sem verið var að leggja áherslu á. Á flestum stöðvunum er einn starfsmaður (kennarar, talmeinafræðingar, deildarstjórar, stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar sem fylgja nemendum úr einhverfudeild). Útbúnir voru verkefnabankar fyrir hvert þema sem kennarar, allir árgangar og nemendur gátu nýtt sér. Um var að ræða bæði gagnvirk og útprentanleg verkefni þar sem nemendur geta stuðst við myndir, hljóð, réttiritun og þannig lært markorðin sem eru flokkuð í nokkur þemu. Bankarnir eru m.a. byggir á *Orðaforðalistanum* eftir Elsu Pálsdóttur (2017), *Orðaleik* frá HA og gögnum frá Bryndísi Guðmundsdóttur og Tinnu Sigurðardóttur talmeinafræðingum. Bækur, textar, orð og myndir eru valdar í tengslum við hvert þema. Við höfum orð og myndir sýnilegar á veggjum og námsvæði nemenda (námsveggir). Við vinnum með upplifun, áþreifanleg kennslugögn, orð, myndir og annað til að stuðla að aukinni þekkingu. Við viljum að börnin tali og fái tækifæri til að tjá sig um hugtökin sem markmiðið er að þau tileinki sér. Að efla vikan orðaforða hjá nemendum. Eftir að verkefnið fór að stað má segja að ákveðin vitundarvakning hafi orðið meðal kennara skólanna. Að efla þurfi grunnorðaforða allra nemenda, þar sem allt nám byggir á því að nemendur hafi náð tökum á þessum orðaforða. Kennarar hafa tileinkað sér breytta kennsluhætti með það í huga að mæta þörfum allra nemenda hvort sem þeir hafa íslensku að móðurmáli eður ei.

Name of the project: Everyone smiles in the same language

Name of grantee: Daði Guðjónsson/Reykjavíkurborg

Project description: The goal of the project is to improve children's language skills in schoolwork. Providing tools for teachers to build students' vocabulary in a targeted way. Our schools have a high percentage of multilingual students. It was decided to develop teaching methods for the entire student body as a whole. We work with certain vocabulary for a certain period of time, where everyone in the group is improving their vocabulary. In connection with the project, the school year was divided into two-week periods and two vocabulary themes were covered per month according to a certain structure. Projects related to the themes were completed in all year groups. The Children's Convention was incorporated into the themes. In the younger grades, there were weekly language stimulation carousels where all stations worked with the vocabulary that was being emphasized. Most centers have one staff member (teachers, speech therapist, department manager, support staff and developmental therapists who accompany students from the autism department). Project banks were prepared for each theme that teachers, all year groups and students could use. These were both interactive and printable projects where students can rely on pictures, sounds, spelling and thus learn the target words which are grouped into several themes. The banks are among other things based on the *Orðaforðalistanum* by Elsa Pálsdóttir (2017), *Orðaleik* from HA and data from Bryndís Guðmundsdóttir and Tinna Sigurðardóttir, speech therapists. Books, texts, words, and images are selected in relation to each theme. We have words and pictures visible on walls and student study areas. We work with experiences, concrete teaching materials, words, pictures, and other things to promote increased knowledge. We want the children to speak and have the opportunity to express themselves about the concepts that the aim is for them to learn. After the project started, it can be said that there was a certain awareness among the teachers at the schools. It is necessary to strengthen the basic vocabulary of all students, since all learning is based on students having mastered this vocabulary. Teachers have adopted changed teaching methods with the intention of meeting the needs of all students, whether they have Icelandic as their mother tongue or not.